

Nr. 18-184 S 127 Sörli ST 67**Vélarvana og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr: 6738
Smíðaður: Skagaströnd 1986, plast
Útgerð: Útgerðarfélagið Ískrókur ehf
Stærð: 8,73 brl. 5,85 bt.
Mesta lengd: 9,28 m Skráð lengd: 7,95 m
Breidd: 2,99 m Dýpt: 1,44 m
Vél: Volvo Penta 160 kW, 1990
Fjöldi skipverja: 1



Sörli©Ólína Bjarnadóttir

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 7. desember 2018 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 27. september 2018 var Sörli ST 67 á siglingu á Vestfjarðamiðum. Veður: VNV 2 - 3 m/s.

Þegar báturinn var vestur af Rit varð hann vélarvana og björgunarskipið Gunnar Friðriksson dró hann til Ísafjarðar.

Við rannsókn kom fram:

- að nippill fyrir vökvaslöngu á gír brotnaði og gírinn varð olíulaus.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.